



BÆJARBRÚN

ÚTSÝNISSVÆÐI VIÐ BJÓLF

Útsýnissvæði við Bjólf

Samkeppni um skipulag og hönnun áfangastaðar
greinargerð með samkeppnistillögu

Inngangur

Stórfenglegt útsýni er frá Bæjarbrún í hlíðum Bjólfs. Á björtum degi blasa við fjöll og tindar allt um kring, og Seyðisfjörður „fyrir fótum“, þéttbýlið í forgrunni og hafið í bakgrunni. Þegar þoka slæðir inn fjörðinn og í tinda getur upplifunin blandast spennuþrunginni dulúð.

Markmið


Varfærni, virðing og auðmýkt er leiðarstef í tillögunni þar sem fjallað er um :

- akveg frá Fjarðarheiði með útskotum og áningarstöðum,
- bílastæði og útsýnispall við Bæjarbrún,
- gönguleið að snjóflóðavarnargörðum og fleiri útsýnisstöðum.

Markmiðið er að tryggja einstæða upplifun þess sem fíkrar sig eftir veginum að Bæjarbrún og fram á útsýnispallinn.

Lýst er raunhæfri framtíðarsýn fyrir svæðið, þar sem jafnvægi er milli þess náttúrulega og manngerða. Lítið er hróflað við svæðinu og fáu bætt við. Notast er við grjót og jarðvegsefni sem eru á staðnum og byggingarefni sem þola erfiðar aðstæður á fjöllum.

Tillagan sýnir nálgun sem getur verið fyrsta skref í heildstæðri lausn fyrir mun stærra svæði, sem hægt er að framkvæma í sjálfstæðum áföngum yfir lengri tíma.



Bæjarbrún

Útskot

Akvegur og útskot

Þegar núverandi akvegur frá Fjarðarheiði verður lagfærður verða útskot gerð á völdum stöðum, við blindar beygjur og brekkur. Þau verða felld að landslagi og merkt með háum stikum svo sjáist á milli þeirra. Nokkur þeirra verða áhugaverðir áningar- og útsýnistaðir á leiðinni.

Lagt er til að útskotin verði merkt á vegaskilti við upphaf leiðar við veginn um Fjarðarheiði. Ennfremur að þar verði greinargóðar upplýsingar um leiðina, útsýnispallinn á bæjarbrún og snjóflóðavarnirnar, og eftir atvikum um þætti úr sögu Seyðisfjarðar.

Fjarðarheiði



Bæjarbrún bílastæði og útsýnispallur

Við enda akvegarins, skammt neðan við útsýnispallinn, er komið fyrir 12 bílastæðum og hringakstri þar sem hægt verður að snúa og leggja rútu. Bílastæðin eru í kvos í landinu og verða ekki í forgrunni útsýnis, rúrustæðið er fjallsmegin og ber í hliðina.

Við bílastæðin verður komið fyrir merkingum og upplýsingum á skiltum.


Frá bílastæðunum er akfær gönguleið upp á hjallann þar sem útsýnispallurinn er. Þangað verður hreyfihömluðum heimilt að aka, og komið fyrir tveimur bílastæðum fjallsmegin við aðkomuna. Gönguleiðin frá aðal bílastæðunum er innan við lágan kamb á fjallsbrúninni, svo ekki sér fram af henni. Hægt er að ganga innan við kambinn, upp á hjallann og fram á útsýnispallinn. Önnur leið er gerð nokkru neðar, þar sem slakki er í kambinum er lagður stígur yfir hann og fram á pallinn. Á báðum leiðunum opnast útsýni yfir Seyðisfjörð með áhrifaríkum hætti sem magnar hughrifin. Flestir, sem koma akandi, munu ganga að útsýnispallinum um „nýju leiðina“ yfir kambinn. Hún eykur á upplifunina þar sem horft er út fjörðinn í aðdragandanum og útsýnið stigmagnast á leiðinni og nær hámarki við enda útsýnispallsins. Einnig gefst kostur á að ganga hring um pallinn og auka þannig fjölbreytileika ferðarinnar.

Gönguleiðin frá bílastæðunum verður malarstígur, en útsýnispallurinn byggður úr svörtu stáli og kortenstáli. Burðarvirki verður fest á undirstöður, gólf pallsins gert úr stálgrindarplötum, borið af stálbitum. Brúnir á jöðrum og þrepum verða smíðaðar úr plötustáli, þannig að þær marki fletina „líkt og hæðarlínur í landinu“, handrið skorðað í brúnirnar, stoðir og handlisti festur við þær. Stálbyggingin tengist malarstígum beggja vegna líkt og hún vaxi upp úr þeim. Á ystu og hæstu brúnum mun pallurinn „svífa“ lágt yfir landi. Útsýnispallurinn fylgir landforminu, ástæðulaust að kraga hann út fyrir brúnir til að ýkja upplifunina, svo bratt er umhverfis og aðstæður hrikalegar.

Útsýnispallurinn er tvískiptur, á misháum flötum sem eru felldir þannig að landslaginu að stórgrýtt urðin verður hluti af útsýnisstaðnum. Hreyfihamlaðir eiga greiða leið á báða fleti útsýnispallsins frá bílastæðum á hjallanum. Setbekkjum úr timbri er komið fyrir á efri hluta pallsins, sem liggur að brattanum og veitir skjól fyrir bekkina þaðan sem útsýni er yfir fjörðinn og upp fjallshlíðina að baki. Bekkirnir eru festir við undirstöður pallsins.

Á hjallanum við útsýnispallinn er komið fyrir merkingum og upplýsingum, og tveimur borðum með bekkjum.

Ummerki á hjallanum eftir núverandi veg og bílastæði verða afmáð og yfirborð lands fært til fyrra horfs. Sama á við um umhverfi útsýnispallsins þar sem hluti af eldri grjóthleðslum og öðrum inngripum verða afmáð og náttúrulegt yfirborð endurheimt.





Gönguleið að snjóflóðavarnargörðum og útsýnisstaðir

Frá útsýnispallinum blasa snjóflóðagarðarnir tveir á Brúninni við. Þeir eru mikilfenglegir tilsýndar og segja merkilega sögu. Falleg gönguleið er að þeim og framan við þvergarðinn og við báða enda hans eru góðir útsýnisstaðir. Lagt er til að göngustígarnir verði lagfærðir, að mestu í núverandi legu og að útsýnisstaðirnir verði meðhöndlaðir á sama hátt og lýst hefur verið í útsýnispallinum hér að framan.

Gerður verði brattur göngustígur eða tröppur upp austurhlíð þvergarðsins og útbúinn lítill útsýnisstaður, Bjölfstindur gnæfir þar yfir skálinni sem snjófargið safnast í. Þaðan myndi stígurinn hlykkjast niður að fjallsbrúninni aftur og ganga mætti til baka innan við garðinn, undir grjóthleðslunum í honum, ef snjóalög leyfa.

Frá útsýnisstaðnum við norðurenda þvergarðsins er gönguleið sem tengist gönguleið yfir í Vestdal. Lagt er til að stika þá leið frekar og byggja upp nokkra minni áfangastaði á leiðinni.





Bílastæði
f. hreyfihamlaða

Mörkingar
Borð og bekkir

Neðri
pallur
+642,
50

Efri
Pallur

+642
95

+642
80

+642
65

+646

645.00

644.50

642.95

Efri
Pallur

642.50

Neðri
pallur

642.00

Lokaorð

Framkvæmdir sem lýst er í tillögunni eru einfaldar og auðbyggðar með hefðbundnum aðferðum og lítil inngrip í landslagið, unnið er með landform svæðisins og líti.

Mannvirkin á Bæjarbrún eru fyrst og fremst hugsuð til að vekja athygli á og upphefja kennileiti Seyðisfjarðar. Fjörðurinn blasir við, frá bænum fyrir botni hans til sjóndeildarhringsins í austri. Tækifæri eru til að fræða gesti um jarðfræðisögu landshlutans, um náttúruna sem gerir staðinn einstakan, og náttúruvána sem steðjar að.

Þar má rifja upp byggða- og menningarsögu Seyðisfjarðar, landnám Bjólfs, verbúðir á Brimnesi, danska og norska útgerðarmenn, haustskip og vorskip, síldarárin, fyrsta rafsímastreng Íslendinga!, stríð, hersetu og sokkin skip, ferjusamgöngur við meginlandið eða njóta algleymis í stórbrotinni fegurð landsins.



